

## 144. fundur

Fundur var haldinn í skipulags- og byggingarnefnd Stykkishólmsbæjar mánudaginn 5. desember 2011, kl. 20:00, á 3. hæð Ráðhússins, Hafnargötu 3.

Mætt voru: Hermundur Pálsson, Lára Gunnarsdóttir, Hinrik Hjartarson, Ásgeir Gunnar Jónsson og Katrín Gísladóttir. Auk þess sátu fundinn Þorbergur Bæringsson slökkviliðsstjóri og Bjarnfríður Vilhjálmisdóttir skipulags- og byggingarfulltrúi sem ritaði fundargerð.

Dagskrá.

1. Ægisgata 1, niðurrif og uppbygging á lóð.  
Guðbrandur Björgvinsson sækir um f.h. Arnars Guðbrandssonar leyfi til að rífa núverandi hús við Ægisgötu nr. 1 og reisa nýtt hús á lóðinni, sbr. umsókn dags. 20.10.11, og teikningar frá Haraldi Valbergssyni B.F.Í, dags. 05.10.11. Stærðir: 197,9 m<sup>2</sup>, 719,2 m<sup>3</sup>.  
Erindið var grenndarkynnt samkvæmt 44. gr. Skipulagslaga nr. 123 /2010 fyrir eigendum húsa við Tangagötu nr. 2, Ægisgötu nr. 2, 3, 5 og Austurgötu nr. 12. Athugasemdir bárust frá Rakel Olsen, mótt. 24.11.2011 og agustson ehf, mótt. 24.11.2011. Einnig er lögð fram umsögn frá Húsafríðunarnefnd mótt. 24.11.2011.  
Nefndin leggur til að tillögu verði hafnað vegna framkominna athugasemda við grenndarkynningu. Nefndin hafnaði erindinu með þremur atkvæðum gegn tveimur.
2. Ægisgata 1, bréf vegna grenndarkynningar.  
Lagt fram bréf mótt. 25.11.2011, frá Víglundi Jóhannessyni Tangagötu 4 vegna grenndarkynningar á lóð Ægisgötu 1.  
Bréf lagt fram.
3. Arnarborg 12, frístundahús.  
Sævar Harðarson sækir um f.h. Skipavíkur ehf. að byggja frístundahús við Arnarborg nr. 12, sbr. teikningar frá Sigurjóni Jónssyni dags. 1.11.2011. Stærðir: 124,8 m<sup>2</sup>, 453,3 m<sup>3</sup>.  
Erindi samþykkt.
4. Aðalgata 2, endurnýjun og breyta húsi í gistiheimili.  
Aðalheiður Atladóttir /AF arkitektar ehf. óskar eftir f.h. Gistiver ehf., að breyta innra skipulagi hússins í gistiheimili sbr. teikningar dags. 30.11.2011. Umsögn Húsafríðunarnefndar liggur fyrir dags. 21.11.2011.  
Aðalteikningar eru í samræmi við umsögn Húsafríðunarnefndar en senda skal deiliuppdrætti af nánari frágangi á ytra byrði hússins til umsagnar hjá Húsafríðunarnefnd. Erindi samþykkt að uppfylltum skilyrðum.

5. Reitarvegur 4a, viðbygging.  
Hjörleifur Sigurþórsson/Verkfræðistofu Þráins og Benedikts sækir um f.h. Ingvars S. Jónssonar og Hjördísar Sigurbergsdóttur að byggja skála við íbúðarhúsið að Reitarvegi 4a, sbr. teikningar frá Verkfræðistofu Þráins og Benedikts dags. 11.12.2011. Stærðir: 27,0 m<sup>2</sup>, 79,8 m<sup>3</sup>.  
Erindi samþykkt.
6. Silfurgata 40, klæða hús.  
Hlíf Berg sækir um f.h. eigenda að klæða húsið að utan með bárujárn og mahony kanti, sbr. bréf dags 22.11.11.  
Erindi samþykkt að uppfylltum skilyrðum.
7. Ægisgata 11, fyrirspurn um leyfi fyrir útbyggðum glugga.  
Fyrirspurn frá Sverri Kristjánssyni Ægisgötu 11 um að byggja léttu útbyggingu úr gleri fyrir framan bátaskýli á lóð, sbr. tillögu og umsókn 15.08.2011.  
Veggur á norðurmörkum verði brunaveggur. Samþykki lóðarhafa aðliggjandi lóðar þarf að liggja fyrir áður en leyfi er veitt.
8. Bókhlöðustígur 7, lóðarbreyting.  
Sigurjón Jónsson sækir um f.h. Katrínar Sigurjónsdóttur að lóðarstærð á Bókhlöðustíg 7 verði skráð í samræmi við skipulag.  
Erindi samþykkt.
9. Staða deiliskipulagvinnu á Nýræktarsvæðinu  
Á skipulags- og byggingarnefndarfundum haldinn 24. október s.l., kom fyrirspurn frá Ásgeiri Gunnari Jónssyni um hvernig staðan væri á deiliskipulagsvinnu á Nýræktarsvæðinu. Svar: Deiliskipulagsvinnan hefur legið niðri þar sem Nýræktarsamningurinn hefur verið í skoðun hjá bæjaryfirvöldum. Á næstunni verðu rætt við forráðamenn Nýræktafélagsins, sbr. tölvupóst frá Gyðu Steinsdóttur dags. 5.12.2011.

Fundi slitið kl. 21:50.

B.V.